

Reglugerð um AMF World Cup forkeppni

1. grein

Kept er samkvæmt almennum keppnisreglum KLÍ (byggðum á almennum keppnisreglum FIQ/WTBA).

2. grein

Mótið er opið og þátttaka er öllum heimil. Konur fá 8 pinna í forgjöf fyrir hvern leik.

3. grein

Forkeppni skal spiluð í þrennu lagi. Hægt er að spila fleiri en eina seríu hverri forkeppni og ræður þá hæsta serían stöðu keppanda. Stigagjöf skal vera eftirfarandi fyrir hverja forkeppni:

1. sæti – 12 stig
2. sæti – 10 stig
3. sæti – 8 stig
4. sæti – 7 stig
5. sæti – 6 stig
6. sæti – 5 stig
7. sæti – 4 stig
8. sæti – 3 stig
9. sæti – 2 stig

Allir aðrir keppendur fá 1 stig.

4. grein

Í fyrstu forkeppninni skal keppt í 6 leikja seríum og verða að lágmarki 2 riðlar í boði. Keppa má oft en einu sinni og fer sætaröðun fer eftir hæstu seríu. Verðlaun verða veitt fyrir 3 efstu sætin.

Ef skera þarf úr um jafntefli í sætaröðun þá skal síðasti leikur látinn gilda þ.e. sá/sú sem er með hærri leik hlýtur efra sætið. Ef hann er jafn hár er farið í leikinn á undan og síðan koll af kalli.

5. grein

Önnur forkeppnin telst vera forkeppnin í RIG mótinu. Sætaröðun eftir forkeppni í RIG mótinu ákvarðar stigagjöf fyrir aðra forkeppni AMF World Cup forkeppni á Íslandi.

6. grein

Stigagjöf fyrir þriðju forkeppnina skal vera með sama hætti og fyrir fyrstu forkeppnina. Veita skal verðlaun fyrir 12 efstu keppendur miðað við forgjöf. Forgjöfin er 80% af mismun meðaltals 200, þó forgjöfin sé neikvæð. (Konur fá ekki auka 8 pinna á leik með almennri forgjöf)

7. grein

Að lokinni forkeppnum raðast keppendur í röð eftir samanlögðum stigafjölda úr öllum forkeppnunum og komast 10 efstu í undanúrslit. Ef skera þarf úr um sætaröðun síðasta mót látið gilda þ.e. sá/sú sem er með fleiri stig hlýtur efra sætið. Ef þeir voru jafnir skal skoða mótið á undan. Í undanúrslitum spila keppendur allir við alla, einfalda umferð. Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:
Fyrir sigur í leik fást 20 bónusstig
fyrir jafntefli í leik fást 10 bónusstig
fyrir 200–249 leik fást 5 bónusstig
fyrir 250–300 leik fást 10 bónusstig
Að loknum þessum leikjum fara 2 efstu keppendurnir í úrslit.

8. grein

Í úrslitum eru spilaðir 2 leikir og sigrar sá sem er með hærra samtalskor úr leikjunum. Ef jafnt er skal leikinn bráðabani þar til úrslit fást.

9. grein

Erlendir leikmenn sem taka þátt í forkeppnum geta ekki unnið sér inn stig í keppninni. Ef erlendur leikmaður tekur þátt telst hann ekki með þegar stigagjöf er úthlutað.

10. grein

Sigurvegari mótsins vinnur sér inn keppnisrétt á næsta AMF World Cup, hótél gistingu og flug á staðinn.

Sá aðili af gagnstæða kyninu sem verður efstur/efst vinnur sér inn keppnisrétt á næsta AMF World Cup og hótél gistingu. Til að öðlast þátttökurétt þarf viðkomandi að hafa náð í top 9 í einhverri undankeppninni.